
Fjármálavit

HÓPVERKEFNI · DÆMI UM ÚRLAUSN

Hvað kostar hann?

Nafn: *Tómas Helgason* _____ **Aldur:** 16 ára

Skóli: *Sunnulækjaskóli* _____



Einstaklingurinn ykkar er í 10. bekk, æfir körfubolta fjórum sinnum í viku og fer einnig, þegar tími gefst, í ræktina. Hann vinnur með skólanum við að bera út blöð til að geta notið lífsins, en hann fær sér t.d. oft skyndibita með félögunum eftir æfingu og stekkur oft út í búð á skólatíma til að kaupa sér eitthvað gott.

Nýlega flutti hann úr sínu gamla hverfi og þurfa foreldrar hans oft að keyra hann á milli þar sem hann vildi klára 10. bekk í sínum gamla skóla. Hann er því mikið í gamla hverfinu á daginn þar til æfingar eru búnar og þarf því að kaupa sér eitthvað að borða eða vera með gott nesti.

Hann hefur áhuga á fötum og má segja að töluvert af peningum hans fari í fatnað.

Áhugamálin eru auðvitað körfubolti, en auk þess er hann að læra á trompet.

Leiðbeiningar

- Ákveðið nafn hans, í hvaða skóla hann er og hvað hann fær í laun í vinnunni sinni.
- Notið örkina til að vinna verkefnið og svara spurningunum hér fyrir ofan.
- Verkefnið má vera eins litríkt og skapandi og þið viljið.
- Þið getið notað snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur við upplýsingaöflun á verði og fleira.

Fjármálavit

Dæmi um úrlausn · **Spurningar**

1 Hvað kostar allt sem hann á?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við fatnað og fylgihluti í skólanum og allt sem hann á heima.

Supreme hettupeysa	17.000 kr.
Vans bolur	10.000 kr.
Nike buxur og sokkar	32.000 kr.
Jordan skór	17.000 kr.
66 gr. úlpa	76.000 kr.
Íþróttaföt og skór	80.000 kr.
Samtals	**232.000 kr.**

Heima

allt í herbergi

Samtals

683.399 kr.

Samtals virði alls sem hann á: 915.399 kr.

2 Miðað við áhugamál og lífsstíl, hvað kostar allt sem hann gerir á einu ári?

Skrifaðu niður það sem hann á og taktu saman virðið á því. Hér er átt við mat, áhugamál, skemmtanir, íþróttir og akstur og fleira.

Körfubolti	60.000 kr.
Tónlistarskólinn	85.000 kr.
Ræktin	86.000 kr.
Akstur foreldra	90.000 kr.
Skyndibiti + búð	360.000 kr.
Samtals	**681.000 kr.**

3 Ef hann þyrfti að vera ódýrari í rekstri, hverju gæti hann sleppt?

- *Minnka skyndibita + búð*
- *Ekki eiga árskort í ræktina*
- *Minnka kaup á merkjafötum*

Kostnaður til samans á ári: 1.596.399